

MATR2YE05

Búið til: Wed, 02 Mar 2022 09:37:50 GMT

Titill

Matreiðsla, yndiseldun

Skammstöfun

MATR2YE05

Útgáfunúmer

9

Námsgrein

matreiðsla

Viðfangsefni

Yndiseldun

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum elda nemendur heima sér til ánægju og yndisauka. Áætlað er að nemendur eldi eina máltíð á viku eftir uppskrift og áhersla er lögð á að elda allt frá grunni. Um leið eiga nemendur að hafa heimsmarkmið SP að leiðarljósi og velta fyrir sér mat úr héraði, matarsóun, kolefnisspori matvæla og plastnotkun. Nemendur halda utan um matreiðsluna í rafrænni myndadagbók þar sem þeir segja frá í rituðu máli, mynd og tali.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mismunandi tegundum hráefnum
- Að matreiða frá grunni
- Næringargildi og samsetningu á matseðlum
- Mismunandi tegundum mataræðis
- Tengslum framleiðslu matar og kolefnisspors

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Matreiða heima hjá sér til gagns og gamans
- Leggja fallega á borð og bera matinn fram á fallegan máta
- Lesa uppskriftir á íslensku og erlendu máli og fara eftir þeim
- Elda og baka sem mest frá grunni
- Kaupa inn rétt magn af hráefnum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Átta sig á næringarinnihaldi matarins
- Að setja fram á skýran og myndrænan hátt í rafbók það sem hann hefur verið að elda
- Tjá sig á málefnalegan máta um mat, uppskriftir og eldamennsku
- Spyrna gegn matarsóun

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega. Gerðar kröfur um sjálfstæð vinnubrögð og þátttöku í umræðum.

Skólar**Fyrirmynd**